

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 42/2000
frá 19. maí 2000

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var
aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er
nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES
nefndarinnar nr. 29/2000 frá 31. mars 2000⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/645/EB frá 15. september 1999 um
sameiginlega tækniforskrift fyrir tengikröfur fyrir TETRA-aðgang að
neyðarþjónustu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 4zzg (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar
1999/498/EB) í XVIII. kafla í II. viðauka við samninginn:

„4zzh. **399 D 0645:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/645/EB frá 15.
september 1999 um sameiginlega tækniforskrift fyrir tengikröfur fyrir
TETRA-aðgang að neyðarþjónustu (Stjtið. EB L 255, 30.9.1999, bls. 40).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 141, 15.6.2000, bls. 51 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 27, 15.6.2000, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 255, 30.9.1999, bls. 40.

2. gr.

Texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/645/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 20. maí 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. maí 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

(*) Engin stjórnsýsluleg skilyrði tilgreind.